

LÖG

1. gr.

Ráðið heitir Kjördæmisráð Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Norðausturkjördæmi

2. gr.

Aðild að ráðinu eiga Svæðisfélög Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í kjördæminu. Ráðið starfar samkvæmt lögum og markmiðum Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og vinnur að framgangi stefnu og markmiða flokksins á félagssvæðinu, samræmir flokkstarf og sinnir öðrum verkefnum sem því eru falin.

3. gr.

Ráðið skipa fulltrúar svæðisfélaganna kjörnir á almennum fundi, einn fyrir hverja fimm félagsmenn eða brot úr þeirri tölu.

4. gr.

Aðalfund kjördæmisráðs, kjördæmisþing, skal halda árlega á haustmánuðum og boða hann svæðisfélagunum með minnst 3. vikna fyrirvara. Stjórn kjördæmisráðs boðar aukafundi í ráðinu ef þörf krefur og einnig skal boða til fundar ef þriðjungur svæðisfélaganna eða kjörinna fulltrúa þeirra óska þess.

5. gr.

Kjördæmisþing kýs ráðinu stjórn til árs í senn. Skipa hana formaður og sex stjórnarmenn að auki og skipta þeir með sér verkum. Til vara skulu kosnir tveir fulltrúar í stjórn. Einnig tveir skoðunarmenn reikninga.

6. gr.

Kjördæmisþing kýs ritnefnd til eins árs í senn. Skipa hana formaður og þrjár aðrir félagsmenn sem kosnir eru á kjördæmisþingi.

7. gr.

Kjördæmisráð undirbýr og afgreiðir framboð flokksins til Alþingis. Ráðið getur skipað sérstaka uppstillingarnefnd eða falið stjórn að annast það hlutverk. Framboðslisti Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs skal borin undir almennan fund sem til þess er sérstaklega boðaður eigi síðar en tveimur vikum áður en framboðsfrestur rennur út.

8. gr.

Á kjördæmisþingi skulu bornir upp ársreikningar og skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Svæðisfélög eða kjördæmisráð, samkvæmt samkomulagi þar um, innheimta árgjöld af félagsmönnum sínum samkvæmt ákvörðunum flokksstjórnar um lágmarks viðmiðunargjald. Svæðisfélög og kjördæmisráð Norðausturkjördæmis skipta með sér tekjum af árgjöldum þannig að 20% komi í hlut kjördæmisráðs.

9. gr.

Lögum ráðsins verður aðeins breytt á aðalfundi þess, kjördæmisþingi. Lög þessi öðlast þegar gildi en skulu samræmd lögum Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs á næsta kjördæmisþingi eftir landsfund hreyfingarinnar.